

## GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Reykjavík.

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir sorphirðu í Reykjavík svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir íbúðarhúsnæði:

	<i>Hirða á 10 daga fresti</i>	<i>Hirða á 20 daga fresti</i>
Tunna	16.300 kr./ári	8.150 kr./ári
Ker	44.825 kr./ári	22.413 kr./ári

Sorphirðugjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við sorphílát, hirðu og förgun sorps sem sótt er við íbúðarhúsnæði í borginni.

Merktir pokar fyrir tilfallandi umframsorp: 620 kr./stk.

Viðbótargjald, þurfi að sækja sorphílát lengra en 15 metra frá sorpbíl, er 4.800 kr./ílát á ári. Fyrir sorphílát sem hirt eru á 20 daga fresti er gjaldið 2.400 kr./ílát á ári. Gjaldið er lagt á frá og með 1. apríl 2011.

Gjald fyrir aukalosun: 2.900 kr./ferð auk 450 kr./ílát sem losað er.

Gjald vegna reksturs endurvinnslustöðva: 4.378 kr./íbúð. Gjaldi vegna endurvinnslustöðva er ætlað að standa undir kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar í rekstri endurvinnslustöðva Sorpu bs.

3. gr.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

4. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöld ekki greidd á eindaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur með heimild í 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavíkurborg nr. 541/2008.

*Borgarstjórnin í Reykjavík, 7. desember 2010.*

**Jón Gnarr.**